



Fundargerð nr. 2.

Stjórn SSA

Seyðisfirði/Aldan mánudag 26. Júlí 2010 kl. 14.30

Mættir eru: Ólafur Ármannsson, Guðmundur Ólafsson, Ólafur HR. Sigurðsson, Íris Valsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Páll Baldursson og Bj. Hafþór Guðmundsson. Framkvæmdastjóri SSA er mættur.

Formaður setti fund og gengið var til fyrir liggjandi dagskrár.

1. Fundargerð framkvæmdaráðs SSA 18. júní 2010

Liðir 5 og 6 ræddir og verða frekari umræður teknar fyrir í lið 9 í dagskrá : „Staða sérverkefna“. Fundargerðin síðan staðfest.

2. Frá Landshlutasamtökum :

2/1 SSV-fundargerð 21.06.10

Lögð fram til kynningar.

2/2 LHSS-SSV-Hólmfríðarskýrslan/ landshlutasamtökin. (16.07.10)

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir helst áherslur sem fram komu í Hólmfríðarskýrslu samgönguráðherra 2009 um hlutverk og eflingu landshlutasamtakanna í landshlutunum. SSA og sveitarstjórnarráðuneytið hafa verið að vinna með þá sýn í samstarfsverkefninu Au1 Austurland eitt sveitarfélag ,20/20 Sóknaráætlun landshluta og verkefni SSA „Framtíðarskipulag SSA og stoðstofnana“ styðst einnig við þá framtíðarsýn. Svo virðist hinsvegar sem ráðuneyti Bygðamála /Iðnaðarráðuneytið sé á allt annari leið ,þ.e. leið miðstýringar þar sem hlutverk landshlutasamtaka er lítið sem ekkert. Stjórn SSA hefur í umsögn sinni um nýja byggðaaætlun í vor bent á þetta misræmi og óskað eftir því við ráðherra sveitarstjórnarmála og ráðherra byggðamála að þau skýri hver sé hin raunverulega stefna núverandi stjórnvalda varðandi hlutverk og framtíð landshlutasamtakna .

3. Frá Sambandi isl. sveitarfélaga:

3/1 Fundargerð stjórnar 775.fundur 25.07.10

Lögð fram til kynningar.

3/2 Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (24.06.10)

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu áherslur sem fram koma varðandi meginhlutverk nefndarinnar og skyldur sveitarfélaganna . Skuldaþakið og fl. rætt.

G.Ó og VOH sögðu frá reynslu sinni varðandi eftirlitsnefndina Fram kom í umræðum að nefndin þurfi t.d. að bregðast skjótar við upplýsingum sem koma frá sveitarfélögunum.

3/3 Námskeið fyrir sveitarstjórnarfólk bréf 13.07.10

Þar kemur m.a fram í niðurlagi að Sambandið mun standa fyrir námskeiðum fyrir kjörna fulltrúa í haust og eftir áramót.

3/3 Fasteignaskattur árið 2010. (sveitarfélög-nýting-mismunur)

Fasteignaskrá Íslands fréttatilk. 29.06.10.

Heildarmat fasteigna landinu lækkar um 8.6% Á höfuðborgarsvæðinu lækkar það mest eða um 10.4% en minnst á Norðurlandi V. 0.7% og Austurlandi 0.8%.

Á yfirlitstöflu sést að 2 sveitarfélög á Austurlandi fullnýta A-skattstofn (0.625) og 5 sveitarfélög C skattinn (1.650).

3/4 Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma 06.07.10.
Framkvæmdastjóri fór yfir samkomulagið sem er í 16. liðum. Starfshópur SSA sem vinnur með yfirfærsluna um málefni fatlaðra mun nú láta reikna hvernig það kemur út tekjulega fyrir aðildarsveitarfélög SSA. G.Ó upplýsti að fjármálastjóri Fljótshéraðs hafi skoðað hvernig það komi út fyrir sveitarfélagið. Starfshópur SSA sem fundaði síðast 23. júní sl. mun koma saman eftir sumarleyfi í ágúst. Þjónustusvæðin tvö (Fjarðab(HJ) og Fljótsh. (ÓGÓ)) eru að vinna með hvernig þau samþætta þjónustuna á svæðunum.

3/5 Minnisblað AGB: 4. fundur í Evróputeymi 07.07.10
Fram kemur að verkefnahugmyndir sem hafa verið ræddar geta fallið að verkefnum sem SSA vinnur með s.s. Au1 (Samgöngur-staðbundnir innviðir) Framtíðarskipulag SSA (upplýsingatækni) Innflytjendur (stoðþjónusta) o.fl. Samþykkt að framkvæmdastjóri í samvinnu við Hafliða ÞFA skoði verkefnahugmyndir sem gagnast geta t.d. í samstarfsverkefnum.

4. Heildarendurskoðun á regluverki jöfnunarsjóðs (Starfshópur SS . 25.06.10)

4/1 Fjárhagsleg áhrif-nýtt útgjaldajöfnunarframlag.
Í samantekt starfshópsins með skýringum kemur fram að með breyttri „hagkvæmilínu“ og nýju útgjaldajöfnunarframlagi, með nýju viðmiði ,færast framlög frá minni sveitarfélögum (íbúar 300-3000) til þeirra stærri. (3000-11.000). Framlög nær standa í stað eða hækka í öllum landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins nema Austurlandi . -95.5.milljónir flytjast frá Austurlandi Aukningin er mest til Suðurlands +84.0 og Vestfjarða +94.0 millj. kr.

Stjórn SSA samþykkir að óska eftir því við Sambands ísl. sveitarfélaga og Sveitarstjórnarráðherra að skoðað verði sérstaklega hver fjárhagsleg áhrif væntanlegar breytingar á jöfnunarsjóðnum hefur á sveitarfélögin á Austurlandi hvert fyrir sig. Ljóst er af upplýsingum sem fyrir liggja að hlutfallslegt framlag lækkar langmest á Austurlandi af öllum landshlutum. Óskað er eftir því að skoðun þessari verði hraðað svo sem hægt er og upplýsingar sendar til SSA og aðildarsveitarfélaga.

4/2 Afrit: bréf hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 07.07.10
Stjórn SSA tekur undir efni samþykktar Vopnafjarðarhrepps.
Sjá samþykkt stjórnar SSA í lið 4/1 hér á undan.

5. Ársreikningur SSA 2009 .

Greinargerð framkvæmdastjóra.
Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirbyggjandi ársreikning og greinargerð. .
Skoðunarmenn eiga eftir að yfirfara ársreikninginn.
Á SSA hvílir skuldbinding til greiðslu lífeyris fyrrverandi starfsmanna.(13 einstaklingar.) Samkvæmt tryggingarfræðilegri úttekt nemur hún 51,1 millj.kr. í árslok 2009 og hefur hækkað um 0.9 millj.kr. á árinu.
Skuldbindingin er færð í rekstrareikningi sem aðrir rekstrarliðir þannig: Vextir af lífeyrisskuldbindingu kr 958.800 og hækkan skuldbindingar kr.21.680.
Í árslok 2008 gekk sveitarfélagið Hornafjörður úr SSA. Hlutdeild sveitarfélagsins og Langanesbyggðar (Skeggjastaðahreppur 2006) í lífeyrisskuldbindingum SSA hefur ekki verið metin. Framlag Jöfnunarsjóðs nam alls 16.394.000 (lækkun frá 2008 - 1.041.311) og að viðbættum framlögum aðildarsveitarfélaganna 8.206.480 (lækkun

frá 2008 -1.081.500) eru heildartekjur á árinu kr.24.598.480. Afkoma af reglulegri starfsemi er jákvæð um kr.1.719.488.

Rekstrarafkoma ársins með lífeyrisskuldbindingum er jákvæð um 782.368.

Efnahagsreikningurinn sýnir peningalega stöðu án lífeyrisskuldbindinga kr. 29.339.281. Veltufjármunir í árslok eru kr. 30.557.602. sem er hækkun frá 2008 kr. 803.155.

Stjórn SSA samþykkir að vísa ársreikningi SSA 2009 til endanlegrar afgreiðslu á ágústfundum stjórnar.

6. Ársreikningur HNM: Héraðsnefndar Múlasýslna 2009.

Greinargerð framkvæmdastjóra .

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirbyggjandi ársreikning og greinargerð. Skoðunarmenn eiga eftir að fara yfir reikninginn.

Helstu niðurstöðutölur:

Tekjur :Framlög sveitarfélaga kr. 750.000.

Gjöld : Rekstrarkostnaður var alls kr. (671.330.)

Fjármunatekjur voru alls kr. 13.099

Tekjuafgangur ársins alls kr. 91.822.

Efnahagsreikningur :

Skammtímaskuldir kr. 00.000.

Eigið fé 31/12 kr. 825.323

Stjórn SSA samþykkir að vísa ársreikningi HNM 2009 til endanlegrar afgreiðslu stjórnar á ágústfundum

7. Endurskoðuð fjárhagsáætlun SSA 2010 og Fjárhagsáætlun SSA 2011.

Greinargerð framkvæmdastjóra..

7/1 Endurskoðuð fjárhagsáætlun SSA 2010.

Framkvæmdastjóri fór yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun 2010 og greinargerð.

Helstu breytingar eru:

Áætlaðar tekjur hækka alls um **kr.5.010.000 þannig** :Hérðsnefnd Múlasýslna var lögð niður um sl áramót og SSA tók við fjárhag ábyrgð og skyldum af starfseminni. Framlag HNM til SSA 2010 alls + kr. **850.000** bætist því við framlag frá aðildarsveitarfélögum SSA sem verður þá alls 9.050.000. Framlag úr jöfnunarsjóði hækkar um+ **3.360.000** (verður alls. 17.600.000.) „Aðrar tekjur“ með vísan í samþykkt stjórnar SSA +**3.0 millj.** kr. Tekjur samtals því kr. 29.150.000.

Breytingar á áætluðum gjaldaliðum í rekstri 1.-6. skiptist þannig:

- 1 Laun og launatengd gjöld hækka um kr +600.000 . og verða 11.640.000.
- 2 Annar stjórnunarkostnaður lækkar um -128.000. kr og verður kr.5.329.000
- 3 Funda- og ferðakostnaður hækkar um +170.000 kr og verður kr. 4.710.000.
- 4 Sérverkefni hækka um +3.870.000 og verða 8.230.000.
5. Keypt áhöld óbreytt og er 200.000.
6. Endurgreiðsla Hér. Múl. áætlað -400.000 falla út (sjá HNM)

ATH áætlaðar Vaxtatekjur lækka niður í 2.000.000.

SSA hefur verið með 5 allstór sérverkefni í gangi á árinu. Þar eru stærst „Aul“=“Austurland eitt sveitarfélag“ sem jöfnunarsjóður sveitarfélaga styrkir, „Framtíðarskipulag á samstarfi sveitarfélaga og stoðstofnana á Austurlandi“og „Söguritun samstarfs sveitarfélaga Austurlandi“ en ritið kemur út í september nk.

Ekki fengust styrkir til útgáfunnar eins og stefnt var að. Áætlað er að fjárþörf til að ljúka sérverkefnum sé um 3.0 millj. kr. Stjórn SSA samþykkti á fundi sínum 17. maí sl. að nýta hluta af uppsöfnuðu eigin fé SSA (alls um 30.0 millj. kr.) allt að 10% til að mæta þessari fjárþörf í stað þess að sækja aukin framlög til aðildarsveitarfélaganna. Sjá greinargerð framkvæmdastjóra.

Stjórn SSA samþykkir að vísa endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2010 til endanlegrar afgreiðslu stjórnar á ágústfundi

7/2 Fjárhagsáætlun SSA 2011.

Gert er ráð fyrir m.a. vegna þeirra skipulagsbreytinga sem stefnt er á að taki gildi um n.k. áramót að fjárhagsáætlun 2011 verði endurskoðuð samfara henni.

Framlög sveitarfélaganna og framlög frá Jöfnunarsjóði eru því áætluð nær óbreytt frá 2010. Ekki liggur fyrir nú hvort eða hve mikið jöfnunarsjóðurinn verður skertur á árinu 2011. Fjárhagsáætlunin verður því að skoðast með þeim fyrirvörum.

Áætlaðar helstu breytingar frá endurskoðaðri áætlun 2010

Laun og launatengd gjöld lækka um -1.63% og verða 11.450.000

Annar stjórnunarkostnaður hækkar um +18.6% og verða 6.297.000

Funda- og ferðakostnaður lækkar um -23.99% og verður 3.580.000

Sérverkefni lækka umtalsvert eða um -46.05% og verða 4.440.000.

Rekstrarkostnaður lækkar því frá endurskoðaðri áætlun 2010 um 13.09% og verður alls 26.167.000.

Stjórn SSA samþykkir að vísa fjárhagsáætlun 2011 til endanlegrar afgreiðslu stjórnar á ágústfundi.

8. 44. Aðalfundur SSA Breiðdalsvík 24-25. Sept.

Farið yfir nokkur „praktísk“ atriði. Samþykkt að aðalfundurinn hefjist kl. 10.00 föstudaginn 24. sept. nk. og stefnt að fundarlokum eigi síðar en 15.00 laugardag 25. sept.

9. Kynningarfundir form. og framkvæmdastjóra SSA : Staða sérverkefna.

Sjá liði 5. og 6 í fundargerð framkvæmdaráðs frá 26. Júní sl.

A: Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga og stoðstofnana .

Formaður upplýsti að það skipulag sem starfshópurinn kynnti á aukaðalfundinu 19. apríl og samþykkt var að vinna áfram með hefur við frekari skoðun í starfshópnum þótt flókið og kostnaðarsamt, ekki náð nægjanlega vel settum markmiðum.

Starfshópur SSA hefur því í júnimánuði sl. verið að skoða fyrirkomulag landshlutasamtakanna og stoðstofnana á Vesturlandi og N-vestra sem þar hefur verið í gangi í nokkur ár með það í huga að ná fram breyttu skipulagi á samstarfi í SSA sem nær betur + settum markmiðum þó að í áföngum verði. Formaður og framkvæmdastjóri kynntu stjórnskipurit SSNV, sem starfshópur SSA hefur fjallað um og leggur til að verði skoðað nánar í samstarfi við aðila. Formaður og framkvæmdastjóri hafa kynnt það fyrir fulltrúum sveitarfélaga á suðursvæði 7. júlí sl. og stefna á að kynna það hjá sveitarfélögum á norðursvæði í ágúst. Framkvæmdastjóri kynnti það fyrir formanni stjórnar ÞFA og framkvæmdastjóra ÞFA og einnig menningarfulltrúa Austurlands og formanni menningarráðs í byrjun júlí. Starfshópur SSA mun nú eftir sumarfrí (ágúst) óska eftir viðræðum við stjórn Þróunarfélagsins, menningaráðs og síðar Markaðsstofu og Ferðamálasamtaka Austurlands um verkefnið.

B: Nýjar leiðir í eflingu sveitarstjórnarstigsins. „Austurland eitt sv.fél.“

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu m.a stöðu verkefnisins á kynningarfundum sínum á suðursvæði SSA 7, júlí sl. (Djúpivogur-Breiðdalsvík-Fjarðabyggð /Reyðarfjörður) Þeir lögðu áherslu á að verkefnið geri ráð fyrir að hugmyndir þær sem eigi að liggja fyrir í haust verði áfram unnið með á árunum 2011 og 2012 með það að markmiði að sameining geti átt sér stað vorið 2014. Vinna hefur legið niðri að mestu í júlímánuði. Formaður sagði að komið hafi fram hjá fulltrúum á Djúpavogi og í Breiðdalsvík sem sumir hverjir eru nýjrir , að þeir þekkja ekki nægjanlega vel til verkefnisins , það vanti um það frekari umfjöllun. Litlu sveitarfélögin vita hvað þau hafa í dag en ekki hver staðan verður í stærra samfélagi. Sjálfsagt sé að ræða verkefnið áfram og kynna það vel. Tortryggni gætir í garð stærri sveitarfélaganna.

Í Fjarðabyggð var góð mæting bæjarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins og ágætur fundur. Verkefnið Austurland eitt sveitarfélag varð eitt af kosningmálum framboðanna í Fjarðabyggð og telja forystumenn nýja meirihlutans að skilaboð kjósenda í Fjarðabyggð séu þau að ekki sé tímabært að sameina svo stórt . Fjarðabyggð með 5 þettbýliskjarna hefur farið í gegnum tvær sameiningar á stuttum tíma 1998 og 2006 . Allnokkur vinna er eftir við að samstillast stjórnsýsluna og íbúana í dreifðum byggðakjörnum sveitarfélagsins.

Samskipti sveitarfélaganna s.s Fljótsdalshéraðs og Fjarðabyggðar voru sérstaklega rædd. Fulltrúar Fjarðabyggðar komu inn á nýlegar samþykktir sveitarstjórnanna um „Þjóðveg eitt“ sem að þeirra mati eigi að liggja um firði.

Formaður og framkvæmdastjóri lögðu á það áherslu að Fjarðabyggð væri stærsta og öflugasta sveitarfélagið í landshlutanum það hafi fengið í sinn hlut „með öflugum stuðningi SSA og allra sveitarfélaga á Austurlandi“ ,stærsta og fjölmennasta vinnustað Austurlands, Fjarðaál. Spyrja mætti nú hver staðan í sveitarfélaginu og á Austurlandi væri ef þessi öflugi vinnustaður hefði ekki komið til. Sveitarfélagið Fjarðabyggð hefur því ákveðnu hlutverki að gegna í samstarfi sínu við önnur sveitarfélög á Austurlandi s.s í að leita raunhæfra leiða til að styrkja landshlutann allann sem heild og í sátt.

C: Undirbúningur að yfirlýsingu á málefnum fatlaðra.

Sjá lið 3/4 hér að framan.

D: 20/20 Sóknaráætlun landshluta.

Verkefnið hefur verið í sumarleyfi í júlí , en forstöðumaður mun kalla verkefnisstjórn saman eftir sumarleyfi.

E: Söguritun samstarfs sveitarfélaga :Útgáfa sept. nk.

Verið er að ganga frá bókinni til prentunar hjá útgáfufélaginu Hólum e.h.f. . Stefnt er á að hún komi úr prentun fyrrihluta septembermánaðar. Bókin reyndist frekari á blaðsíður (um 560 síður) en upphafleg samningsdrög gerðu ráð fyrir . Því hefur kostnaður við umbrot og útgáfu hækkað frá áætlun um ca 300.000.og er u.þ.b.. alls kr. 3.0.millj.

F: Aðalfundur SSA 24.-25. sept . nk.

Sjá lið 8. hér að framan.

G: NAN nefnd og verkefni :Fundur með forst.m 5 „jaðarsveitarfélaga“.

Með vísan í umræðu og bókunar á fundi framkvæmdaráðs 18. Júní sl 5.liður upplýsir G.Ó að hann muni hefja störf hjá Nýsköðunarmiðstöð í ágúst mánuði og þá verður farið yfir verkefni NAN nefndarinnar sem vistuð voru hjá Nýsköpunarmiðstöð.

10. **Samgönguráðuneytið : Samgönguráð : Almenningsamgöngur.**

Vegna sumarleyfa nú í júlí mánuði hefur ekki orðið af fundi fulltrúa Samgönguráðuneytisins SSA og ÞFA. Stefnt er á fund eftir miðjan ágúst.

11. Minningarsjóður R.SP :Umsóknir.

Umsóknar frestur rennur út á morgun og upplýsir framkvæmdastjóri að 9 umsóknir séu komnar í hús. Stefnt er að úthluta styrkjum á ágústfundi stjórnar Þá mun ársreikningur Minningarsjóðsins liggja fyrir og hverjar heimildir samkvæmt skipulagskrá eru til styrkveitinga.

12. Erindi og bréf.

12/1 Bréf Samgöngu og sveitarstjórnaráuneytis ST. 06.07.10

Vinna ráðuneytisins við drög að sameiningarkostum í landshlutunum.

Gert er ráð fyrir fundi með fullrúum ráðuneytisins og starfshópi SSA í ágúst.

12/2 Starfsendurhæfing Austurlands 07.07.10

Lagt fram til kynningar .

12/3 Byggðastofnun: Verkefni fólksfækkun. 29.09.10.

Lagt fram til kynningar.

13. Önnur mál.

13/1 Framsal eftirlitsverkefna til HAUST.

VOH sagði frá því að bréf hafi borist til HAUST frá Umhverfissráðuneytinu þar sem framsal eftirlitsverkefna til Heilbrigðisnefnda væri heimil og ítrekuð.

Í umræðum koma fram ánægja hjá stjórnarmönnum með að nú loksins skuli langþráð baráttumál SSA og HAUST vera á leiðinni í höfn.

13/2 Ágústfundur stjórnar SSA á Vopnafirði.

Stjórn SSA samþykkir að ágústfundur stjórnar SSA verði í síðustu viku ágústmánaðar á Vopnafirði.

Fleira ekki tekið fyrir og formaður sleit fundi kl. 16.15.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson